

Umhverfisstofnun
Áb. SF
24 SEPT. 2003
54.52
Tilv. UST20030900040



Skipulagsstofnun
Páll J. Líndal
Laugavegi 166
150 Reykjavík

23. september 2003
Tilvísun: UST20030900040/sf

Hringvegur - jarðgöng undir Almannaskarð. Matsskylda.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar, dags. 5. september sl., þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar á því hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til 3. viðauka í framangreindum lögum. Frekari gögn um framkvæmdina bárust með tölvupósti þann 19. september sl.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir.

Framkvæmdalýsing

Um er að ræða 5,4 km langan veg um Almannaskarð, þar af eru 2,7 km endurbætur á núverandi vegi, 1,4 km nýbygging og 1,3 km jarðgöng með vegskálum. Efnistaka er fyrirhuguð úr námunum Friðsæld og Fjarðará og í aurkeilu í skriðum austan Almannaskarðs. Einnig verður nýtt efni úr jarðgöngum og vegskeringum. Vegurinn verður með bundnu slitlagi og hannaður fyrir 90 km/klst hámarkshraða utan ganga en 70 km/klst hámarkshraða í göngunum.

Efnistaka

Í tilkynningu um framkvæmdina kemur fram að áætluð efnisþörf vegna framkvæmdarinnar er í kringum 250.000 m³. Um 100.000 m³ verða teknir úr námum, þar af 30.000 m³ úr áreyrum Fjarðará, 40.000 m³ í aurkeilu í opinni námu í skriðum sunnan Skálatinds (Friðsæld) og 30.000 m³ í aurkeilu í skriðum austan Almannaskarðs. Um 181 þús. m³ af efni fást úr jarðgöngum og skeringum og er áætlað að allt efni úr göngunum verði notað í veginn.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að gerð verði áætlun um efnistöku skv. 48. gr. laga um náttúruvernd vegna ofangreindrar efnisvinnslu, þar sem m.a. er gerð grein fyrir frágangi efnistökusvæða sbr. 49. gr. laganna. Jafnframt telur stofnunin nauðsynlegt að endurskoða afmörkun fyrirhugaðs vinnslusvæðis í námunni Friðsæld. Til að auðvelda frágang að efnistöku lokinni er nauðsynlegt að afmörkun vinnslusvæðisins miðist við það að fylgja lögum skriðunnar og að við vinnsluna verði efni tekið hærra en grynna en ráðgert er skv. framlögðum tillögum.

Náttúruminjar

Fyrirhugað framkvæmdasvæði liggur að nokkru leyti innan tveggja svæða á náttúruminjasrá. Annars vegar er um að ræða svæði nr. 629, *Skarðsfjörður*, og er það á skrá vegna lífauðugra leira og grunnsævis með miklu fuglalífi. Hins vegar er um að ræða svæði nr. 653, *Fjallendið utan við Skarðsdal*, en í náttúruminjasrá er því lýst sem fögru fjallendi með margvíslegum bergtegundum.

Umhverfisstofnun telur að fyrirhuguð vegaframkvæmd muni ekki hafa umtalsverð áhrif á fyrrgreind svæði á náttúruminjasrá. Þar sem vegurinn liggur næst ströndinni er um að ræða endurbyggingu núverandi vegar (stöð 4040 – 5800) og verður fjörum eða leirum ekki raskað. Vega- og gangagerð mun raska berglögum á svæði nr. 653 á náttúruminjasrá, á því svæði sem veglínan liggur um, en veglínan liggur í nánd við núverandi veg og raskar tiltölulega litlum hluta svæðisins.

Svæði sem njóta sérstakrar verndar

Samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skulu mýrar og flóar, 3 ha að stærð eða stærri, njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Fyrirhuguð framkvæmd mun hafa áhrif á votlendi þar sem veglínan liggur á um 300 m kafla á fyllingu á jaðri votlendis, sem er neðan núverandi vegar sunnan Almannaskarðs. Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur m.a. fram að veglínan hafi verið færð eins og kostur er og að framkvæmdin muni ekki hafa umtalsverð áhrif á votlendið. Fram kemur að Vegagerðin muni stuðla að endurheimt votlendis í stað þess sem raskast en staðsetning hafi ekki verið ákveðin.

Votlendi hefur mikið gildi fyrir fuglalíf eins og bent er á í skýrslu Náttúrustofu Austurlands um gróður á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Í skýrslu náttúrustofunnar er einnig bent á að gróðurþekja í votlendi er að jafnaði heilleg og ekki sérstaklega viðkvæm fyrir jarðvegseyðingu svo lengi sem það er óraskað. Votlendi hefur víða verið raskað, t.d. með framræslu, og stöðugt gengur á þau svæði sem eftir eru óröskuð vegna ýmissa framkvæmda. Þau svæði sem enn eru óröskuð hafa því sífellt meira verndargildi og er mikilvægt að forðast verði eins og kostur er að raska þeim svæðum. Umhverfisstofnun bendir jafnframt á að ekki hefur verið sýnt fram með rannsóknum hver séu raunveruleg áhrif veglagningar um votlendi, þ.e. hversu víðtæk áhrif vegagerð um votlendi hefur á vistkerfið. Stofnunin telur því æskilegt að veglínan liggi eins nálægt núverandi vegi eins og kostur er til að hlífa votlendinu og þar með fuglalífi sunnan núverandi vegar.

Gróður

Samkvæmt úttekt Náttúrustofu Austurlands á gróðurfari á vegsvæði að gangamunnum fyrirhugaðra jarðganga er tegundafjölbreytni talsverð, a.m.k. miðað við hversu lítið svæði var skoðað, en alls fundust þar 55 tegundir. Ekki fundust sjaldgæfar tegundir eða tegundir á válista. Í skýrslu náttúrustofunnar segir m.a.:

„Svæðin við Almannaskarð sem til skoðunar eru í þessari athugun eru ekki sérstaklega fjölbreytt, hvorki hvað varðar gróðurlendi eða tegundir. Ekki er þar heldur um sjaldgæf eða sérstæð gróðurlendi eða tegundir að ræða. Þó má benda á votlendisjaðar á vegarstæði sunnan Almannaskarðs.“

Umhverfisstofnun telur, með hliðsjón af fyrirbyggjandi upplýsingum um gróður, að fyrirhugaðar framkvæmdir muni ekki hafa í för með sér umtalsverð áhrif á gróður. Stofnunin telur þó mikilvægt að votlendissvæðum verði hlíf og er æskilegast að vegurinn liggi eins nálægt núverandi vegi og nokkur kostur er, sbr. athugasemdir hér að framan.

Áhrif á fugla

Í tilkynningu um framkvæmdina kemur fram að gerð hafi verið könnun á fuglalífi vorið 2003 og hafi ekki fundir sérstæðir fuglar í nágrenni framkvæmdasvæðisins. Töluvert fuglalíf var í votlendinu neðan við vegstæðið en ekki var mikið fuglalíf við vegstæðið sjálft. Framkvæmdaraðili bendir á að framkvæmdin geti haft tímabundin áhrif á fuglalíf meðan á framkvæmdum stendur en reiknað er með að þau verði óveruleg.

Með hliðsjón af ofangreindu telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa í för með sér umtalsverð áhrif á fuglalíf.

Áhrif á landslag / sjónræn áhrif

Fyrirhuguð framkvæmd mun hafa töluverð sjónræn áhrif í för með sér, einkum vegna skeringa og fyllinga en einnig vegna efnistöku. Í Skarðsdal verða nokkuð miklar skeringar fyrir vegskála og við gangamunnann að sunnan verða nokkuð miklar skeringar í skriðunum undir Almannaskarði. Við gangamunnann að sunnan verða einnig háar fyllingar, allt að 10 m á hæð, sem munu hafa töluverð áhrif á landslagið.

Umhverfisstofnun telur að þó sjónræn áhrif framkvæmdarinnar verði töluverð sé ekki um að ræða umtalsverð umhverfisáhrif. Stofnunin telur þó mikilvægt að við framkvæmdirnar verði jarðraski haldið í lágmarki, framkvæmdasvæðið verði þröngt skilgreint og að vandað verði til frágangs að verki loknu.

Jarðmyndanir


Í tilkynningu framkvæmdaraðila segir m.a. að ekki sé um að ræða sérstakar jarðmyndanir og verði áhrif framkvæmdarinnar að mestu sjónræn.

Umhverfisstofnun bendir á að framkvæmdin liggur um svæði sem er á náttúruminjaskrá vegna sérstæðra bergmyndana og mun því framkvæmdin hafa áhrif á sérstakar jarðmyndanir. Stofnunin telur þó að áhrifin verði ekki umtalsverð.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur að fyrirhuguð framkvæmd geti haft í för með sér töluverð sjónræn áhrif vegna hárra fyllinga við gangamunna og skeringa í skriðum. Stofnunin telur ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Virðingarfyllt,


Sigrós Friðriksdóttir


Helgi Jónsson

Afrit: Einar Þórarinnsson, eftirlitsráðgjafi Umhverfisstofnunar á Austurlandi.